



**SSV**  
Samtök sveitarfélaga  
á Vesturlandi

## 146 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 12 júní 2019 kl.13.00 að Bjarnabraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Eggert Kjartansson, Bára Daðadóttir, Einar Brandsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Lilja B. Ágústsdóttir, Eyjólfur I. Bjarnason, Sif Matthíasdóttir, Jósef Kjartansson og Björn Hilmarsson. Guðveig Eyglóardóttir boðaði forföll.

Auk þess sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð. Kristinn Jónasson formaður Sorpurðunar Vesturlands var í símasambandi undir dagskrárlið 5 og Ólafur Guðmundsson ráðgjafi sat fundinn undir dagskrárlið 6.

Eggert Kjartansson, formaður SSV, setti fund kl.10.00

### 1. Fundargerð 145 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 145 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Fundurinn staðfesti fundargerðina.

### 2. Haustþing SSV 2019

Lögð fram endurskoðuð drög að dagskrá Haustþings SSV 2019. Fram kom að Haustþing 2019 verður haldið í Klifi í Ólafsvík miðvikudaginn 25 september. Þema þingsins verða umhverfismál.

### 3. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands 2019.

Farið yfir stöðuna á áhersluverkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands árið 2019, en vinna er hafin við fjögur af fimm verkefnum ársins 2019. Einnig fór framkvæmdastjóri yfir stöðuna á verkefnum frá 2018 sem var ólokið. Lagt var fram bréf frá mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem óskað er afstöðu stjórnar SSV til þess að gerð verði úttekt á auknu samstarfi eða sameiningu safna á Vesturlandi í samráði við höfuðsafn og viðurkennt safn, auk safnaráðs. Fram kom að SSV hafði áður en erindi ráðuneytisins barst gert samning við ráðgjafafyrirtækið Creatrix að taka viðtöl við forsvarsfólk allra safna á Vesturlandi um möguleika á auknu samstarfi safna í landshlutanum. Framkvæmdastjóra var falið að svara ráðuneytinu og óska eftir því að samningurinn við Creatrix jafngildi umræddri fýsileikakönnun sem ráðuneytið fer fram á. Loks var rædd um verkefni sem snýr að úttekt á smávirkjunum á Vesturlandi. Stjórn fól atvinnuráðgjöf SSV að vinna áfram að málinu og staðfesti að nýta allt að 3 m.kr. í verkefnið.

#### **4. Endurskoðun Sóknaráætlunar**

Rætt um endurskoðun á sóknaráætlun Vesturlands, en framkvæmdastjóri sótti fund samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins sem fram fór 11 júní s.l. um verkefnið. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

#### **5. Sorpurðun Vesturlands**

Lagt fram minnisblað um Sorpurðun Vesturlands og urðunarstaðinn í Fíflholtum frá framkvæmdastjóra Sorpurðunar Vesturlands. Einnig var lagt fram minnisblað frá Landvernd um heimsókn þeirra og skoðun á urðunarstaðnum í Fíflholtum. Loks var lagt fram erindi frá Jóni Axel Jónssyni íbúa í Borgarbyggð sem fól í sér athugasemdir og ábendingar til stjórnar SSV um urðunarstaðinn í Fíflholtum. Kristinn Jónasson stjórnarformaður Sorpurðunar Vesturlands tók þátt í umræðu á fundinum á Skype undir þessum dagskrárlið. Á fundinum fór Kristinn yfir þær aðgerðir sem stjórn Sorpurðunar Vesturlands hefur nú þegar gripið til og mun grípa til á næstunni til þess að hefta fok í Fíflholtum og bæta frágang sorps. Rætt var um árlegt Grænt bókhald fyrir Fíflholt, sem er greinargóð skýrsla um starfsemina sem undanfarin ár hefur verið unnin af ráðgjafafyrirtækinu UMÍS. Þá ræddu fundarmenn almennt um meðhöndlun sorps á suðvesturlandi og samstarf varðandi það. Stjórn SSV þakkar þær ábendingar sem Jón Axel setti fram í erindi sínu. Jafnframt lýsir stjórn yfir ánægju sinni með þær úrbætur sem gripið hefur verið til í Fíflholtum og hvetur til þess að áfram verði unnið að frekari úrbótum. Það er brýnt að sveitarfélögin á Vesturlandi standi fyrir fræðsluátaki fyrir fyrirtæki og íbúa um flokkun úrgangs.

#### **6. Samgöngumál á Vesturlandi**

Á fundinn mætti Ólafur Guðmundsson umferðaröryggisráðgjafi og kynnti úttekt sína á umferðaröryggi á Vesturlandi. Ólafur mun á næstu dögum ljúka við skýrslu sína um verkefnið og mun hún síðan fara í kynningu á meðal íbúa. Stjórn þakkaði Ólafi fyrir kynninguna og greinargóða úttekt.

#### **7. Framlögð mál**

- a. Yfirlit yfir fundi framkvæmdastjóra

Fundi slitið kl.15.05